



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Alþingi
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. mars 2019.
R19020186

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um velferðartækni. Þingskjal 343 – 296. mál.
Lagt fyrir á 149. löggjafarþing 2018–2019.**

Við er til erindis nefndasviðs Alþingis sem barst Reykjavíkurborg þann 21. febrúar 2019 varðandi beiðni um umsögn um tillögu til þingsályktunar um velferðartækni.

Að mati velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er tillagan bæði þörf og tímabær. Skýrt og vel ígrundað álit af hálfu Alþingis um hvernig velferðartækni getur nýst í þjónustu við eldri borgara og fatlað fólk er mikilvægur stuðningur við innleiðingu á hugmyndafræði velferðartækni og nýsköpunar sem aðferð til þess að koma til móts aukna þörf fyrir þjónustu vegna fjölgun eldri borgara. Einnig styður velferðartækni við endurhæfingu í heimahúsum og kemur til móts við kröfu fatlaðs fólks um sjálfstætt líf.

Af hálfu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar eru gerðar eftirfarandi athugasemdir:

Starfshópur sem metur með hvaða hætti velferðartækni nýtist í þjónustu við eldri borgara og fatlað fólk og skoði hvernig aðferðir, t.d. í fjarþjónustu, geti nýst hér á landi með hliðsjón af reynslu annarra Norðurlanda.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skilgreinir velferðartækni sem: a) tækni sem kemur í veg fyrir þörf á velferðarþjónustu, þ.e. fyrirbyggjandi, b) er notuð til aðstoðar þegar þjónustan er veitt eða c) getur komið í staðinn fyrir þjónustuna.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar telur afar gagnlegt að horft sé til Norðurlanda þegar þróa á þjónustu og innleiða nýjungar. Þetta hefur velferðarsvið Reykjavíkurborgar gert markvisst á undanförunum árum til þess að afla þekkingar og vera hluti af norrænu tengslaneti á þessu sviði.

Reykjavíkurborg í norrænu samstarfi:

Frá árinu 2014 hefur Reykjavíkurborg tekið þátt í fleiri norrænum verkefnum. Fyrst má nefna Nordic Independent Living Challenge keppnina sem haldin var á vegum norrænna höfuðborga í samvinnu við Nordic Innovation með það að augnamiði að stuðla að aukinni notkun

tæknilausna í velferðarþjónustu. Keppnin átti sér stað árunum 2015-2016 og er eitt umfangsmesta verkefni Norðurlanda á sviði velferðartækni. Alls bárust 417 hugmyndir að lausnum, þar af 63 frá Íslandi. Nordic Business and Living Lab Alliance tengslanetið var styrkt af Nordic Innovation og sett á laggirnar í framhaldi af keppninni. Þar tók Reykjavíkurborg þátt í samstarfi við Samtök iðnaðarins á árunum 2016-2018, en verkefninu var m.a. ætlað að stuðla að stofnun velferðartæknismiðja í sveitarfélögum og auka samtal milli fyrirtækja og sveitarfélaga á Norðurlöndunum. Á árunum 2015-2017 tók Reykjavíkurborg og Akureyrarbær í samvinnu við velferðarráðuneytið þátt í verkefninu Connect en fyrir tilstilli Nordic Welfare Center unnu 10 norræn sveitarfélög í sameiningu að gerð verkfærakistu fyrir sveitarfélög til að nota við innleiðingu á velferðartækni.

Samstarf Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar:

Þá hafa Reykjavíkurborg og Akureyrarbær verið í miklu samstarfi um velferðartækni. Sveitarfélögin fengu t.d. 3 mkr. styrk frá velferðarráðuneyti árið 2016 vegna samstarfs um prófanir í velferðartækni. Þann 7. september 2017 undirrituðu formenn velferðarráða Reykjavíkur og Akureyrar viljayfirlýsingu um samstarf til að auka þekkingu og vitund um möguleika velferðartækni í eflingu lífsgæða og sjálfsbjörg notenda innan velferðarþjónustunnar. Í byrjun árs 2018 fengu sveitarfélögin styrk frá velferðarráðuneytinu til að koma á laggirnar námskeiði í velferðartækni, það fyrsta sinna tegundar á Íslandi. Námskeiðið er unnið í samvinnu við SÍMEY og Framvegis – miðstöð símenntunar í Reykjavík.

Stefna í velferðartækni og velferðartæknismiðja

Stefna Reykjavíkurborgar á sviði velferðartækni 2018-2022 ásamt aðgerðaáætlun var samþykkt á fundi velferðarráðs þann 12. febrúar 2018 og á fundi borgarstjórnar þann 6. mars 2018. Með stefnuskjalinu er Reykjavíkurborg fyrst sveitarfélaga hérlendis að marka stefnu á sviði velferðartækni og jafnframt að samþykkja sérstaka fjárveitingu til að koma einstökum þáttum stefnunnar til framkvæmda. Velferðartæknismiðju var komið á fót í maí 2018 en þar starfa tveir verkefnastjórar við að þarfagreina, gera úttektir, þróa og innleiða velferðartækni í samræmi við stefnuna. Eitt af fyrstu verkefnum smiðjunnar er einmitt að þarfagreina og prófa fjarþjónustu þ.e. skjáinnlit í heimaþjónustu samhliða og í staðinn fyrir reglubundin innlit.

Reykjavíkurborg í samstarfi innanlands:

Reykjavíkurborg hefur síðan árið 2017 tekið þátt í velferðartæknihöpi Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu en þar er skipst á upplýsingum, reynslu og mati á heppilegum lausnum sem prófaðar hafa verið á mismunandi stofnunum hérlendis.


Reykjavíkurborg í samstarfi við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

Reykjavíkurborg er leiðandi innan Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í samstarfshópi sem samtökin hafa sett af stað sem verkefni innan Sóknaráætlunar fyrir tímabilið 2018 – 2019. Unnið er að því auka samstarf í velferðartækni og innleiðingu hennar. Fulltrúar sveitarfélaganna hafa m.a. nýlega farið í umfangsmikla kynnisferð til Danmörkur til að sækja frekari þekkingu á þessu sviði.

Það er yfirlýst stefna Reykjavíkurborgar að fólk fái stuðning til að búa á eigin heimili eins lengi og hægt er. Velferðartækni bætir lífsgæði og getur t.d. komið í veg fyrir þörf á kostnaðarsömum úrræðum eins og hjúkrunarheimilum. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar telur rétt að benda á að þegar skoða á fjarþjónustu er mikilvægt að samhliða sé metinn kostnaður og ávinningur af samþættingu heimaþjónustu og heimahjúkrunar og skoða hvernig ríki og sveitarfélög geti með aðstoð velferðartækni unnið saman að því brýna verkefni að veita heildstæða þjónustu í heimahús.

Með vísan til framangreinds er ljóst að velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur fram að færa bæði reynslu og þekkingu sem nýst getur þeim starfshópi sem tillagan fjallar um. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar býður því fulltrúa sína fram til starfsins.

Virðingarfyllt,
f.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,


Þórhildur Egilsdóttir,
deildarstjóri

Afrit: Skrifstofa borgarstjórnar